



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (371. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 21. nóvember 2002, varðandi umsögn um 371. mál, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM gerir ekki athugasemd við frumvarpið enda virðist það horfa í jafnræðisátt. Að gefnu tilefni skal hins vegar vegna 2. gr. frumvarpsins og athugasemda með henni vakin athygli á því að ríkisstofnanir af sama tagi og þarumræddir ríkisaðilar munu hafa fylgt „reglu“ sem fjármálaráðuneytið hefur sett þeim að greiða ekki dráttarvexti af vangreiddum launum. Virðist sú framkvæmd fara í bága við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Guðli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 128/406
komudagur 3.12.2002

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 2. desember 2002
Tilv. FLE 20-2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hildur Njarðvík nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur,
371. mál

Með bréfi dags. 21. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 2. desember 2002

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 371. mál

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Að fenginni umsögn Skattanefndar FLE tók Álitsnefnd málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE samþykkir meðfylgjandi umsögn Skattanefndar á frumvarpinu.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Gyða Annsdóttir
Guðmundur Snorrason
Guðmundur Snorrason
Þórunn Þórunn
Þórunn Þórunn

Til álitsnefndar FLE

Reykjavík, 2. desember 2002.

Efni: Boðaðar breytingar á skattalögum.

Skattanefnd FLE hefur yfirfarið eftirtalin lagafrumvörp og hefur þessa umsögn fram að færa:

1. Frumvarp til laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, mál nr. 323:

Engin athugasemd.

2. Frumvarp til laga um tekuskatt og eignarskatt, mál nr. 324:

Í 3. gr. þess frumvarps er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur bifreiða sem látnar eru starfsmönnum í té sé ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum nema að því marki sem hann er talinn viðkomandi starfsmanni til tekna.

Nefndin hefur af því nokkrar áhyggjur að ákvæði þetta sé óskýrt og til þess fallið að valda ágreiningi milli skattstjóra og skattaðila. Ljóst er að bifreiðar gegna oft þýðingarmiklu hlutverki í tekjuöflun fyrirtækja og notkun þeirra er oft á tíðum mikil. Vitað er að starfsmenn geta haft afnot af bifreiðum fyrirtækja, ýmist takmörkuð eða ótakmörkuð. Ef hlunnindamat starfsmanna á að verða ráðandi um að hve miklu leyti rekstrarkostnaður bifreiða telst til frádráttarbærs kostnaðar í rekstri þá er með þessu ákvæði verið að brjóta það grundvallarákvæði 31. gr. skattalaganna að gjaldfæra meggi þann kostnað sem gengur til að afla tekna, halda þeim við o.s. frv. Nefndin telur að ákvæðið eins og það var fyrir breytinguna hafi í reynd tekið til bifreiða sem voru lítið notaðar í þágu rekstrar og því verið eðlilegt en öðru máli gegni þegar það taki til allra bifreiða.

3. Frumvarp til laga um um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, mál nr. 371:

Engar athugasemdir.


4. Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, mál nr. 372:

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Skattanefnd FLE

Aðalsteinn Hákonarson
Gunnlaugur Kristinsson
Guðmundur Jens Þorvarðarson
Birkir Leósson.



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 128/577
komudagur 9.12.2002

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 12/06/2002

Tilv. 111

RÞJ/rþj

Efni: Umsögn um 371. mál (staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur)

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar frá 21. nóvember 2002 var óskað eftir umsögn Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum, 371. mál.

Af hálfu Kauphallar Íslands er ekki gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Ragnar Þ. Jónasson,
lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. P 128/451
komudagur 3. 12. 2002

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvík, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. desember 2002.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. 128. löggjafarþing 2002–2003. Þskj. 417—371. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 21. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl.
formaður

Alþingi, efnahags- og
viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Vísað er til bréfs Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 21. nóvember sl., þar sem ríkisskattstjóra var sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á nokkrum greinum laganna. Ríkisskattstjóri hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.



Í 4. gr. eru lagðar til breytingar sem snerta útreikning dráttarvaxta vegna vanskila á staðgreiðslu. Er lagt til að dráttarvextir verði reiknaðir sem dagvextir í stað mánaðarvaxta. Einnig er í frumvarpsgreininni gert ráð fyrir að upphafstímamark dráttarvaxta verði miðað við gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Gjalddagi staðgreiðsluskila er 15. janúar og eindagi 15 dögum síðar eða þann 30. sama mánaðar.

Rétt er að benda á það að samkvæmt gildandi lögum reiknast svokallað Álag 1 fyrstu 10 dagana sem líða eftir að greiðslufall hefur orðið á eindaga. Reiknast þannig 1% af gjaldskyldri fjárhæð fyrir hvern dag sem líður eftir eindaga, að hámarki 10% af gjaldskyldri fjárhæð. Hafi síðan ekki verið greitt fyrsta dag næsta mánuðar eftir eindaga reiknast svokallað álag 2, sem er jafnhátt dráttarvöxtum. Samkvæmt gildandi lögum gerist þetta þannig á öðrum degi eftir eindaga, en ekki fimmtán dögum síðar eins og er samkvæmt lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þannig eru í reynd álag 1 og álag 2 reiknað á sama tíma og viðurlög við vangreiðslu þessa skatts þannig mun harðari en gengur og gerist. Verður að ætla að hér hafi orðið mistök á sínum tíma í framsetningu þessa ákvæðis, en gengið var út frá því að ákvæðið væri sniðið að sambærilegu ákvæði í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu að dráttarvextir séu reiknaðir sem dagvextir er í sjálfu sér eðlileg og samýmist almennum viðurlögum við vangreiðslu. Ríkisskattstjóri vill þó leyfa sér að vekja athygli á því að almennt hefur verið gengið út frá því að álag 1 og álag 2 reiknist ekki á sama tíma. Þó sú hafi reyndar verið raunin varðandi þennan skatt má færa gild rök fyrir því að þar hafi verið um að ræða mistök við lögtöku skatts þessa á sínum tíma. Í greinargerð með frumvarpi því sem síðar var samþykkt sem lög nr. 94/1996 kom fram að ákvæði um álag væri sambærilegt og gildir um staðgreiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt þeim lögum reiknast álag 1 og álag 2 ekki á sama tíma og styður það framangreint.

Hefur ríkisskattstjóri engar aðrar efnislegar athugasemdir fram að færa varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllt





Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

29. nóvember 2002

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um staðgr. skatts á fjármagnstekjur (371. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV gera ekki athugasemdir við 1-3. gr. frumvarpsins, en vilja hins vegar koma á framfæri ábendingum varðandi 4. gr.

17. gr. laga nr. 94/1996 er svohljóðandi:

Séu greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi inntar af hendi á tilskildum tíma skal skattstjóri gera skilaskyldum aðila að sæta álagi til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef skilagrein hefur ekki verið skilað eða henni verið ábótavant og skattur því verið áætlaður, sbr. 3. mgr. 9. gr., nema skilaskyldur aðili hafi greitt fyrir eindaga fjárhæð er til áætlunarinnar svarar.

Álag á vanskilafé skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

1. Einn hundraðshluti af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en tíu hundraðshlutar.
2. **Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum, nr. 25/1987**

Í 7. gr. segir síðan:

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera almanaksárið. Gjaldldagi er 15. janúar árlega og er eindagi 15 dögum síðar.

Í breytingartillögu 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að álag 2 (skv. 2. tölul. 17. gr.) sé reiknað frá og með gjaldldaga hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga, þ.e. 1. febrúar sbr. ofangreint.

Álag 1 (skv. 1. tölul.) er hins vegar lagt á fyrir hvern byrjaðan dag eftir eindaga, sem í þessu tilviki þýðir einnig 1. febrúar.

Samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt tekur álag 2 við af álagi 1, þannig að tryggt er að aðeins sé refsað með „einu“ álagi fyrir sama tímabil. Hins vegar leiðir frumvarpið til þess að áfram geti tvenns konar álag reiknast frá sama tíma þegar um fjármagnstekjur er að ræða. Ekki eru rök fyrir að gera þannig upp á milli þessara skattstofna, þ.e. að beita strangari viðurlögum í síðast nefnda tilvikinu. Hér má benda á að í athugasemdum um 17. gr. í greinargerð með því

frumvarpi sem varð að lögum nr. 94/1996 sagði m.a.: *Viðurlagsákvörðun og endurákvörðun skilaskyldrar greiðslu fer eftir sambærilegum reglum og nú gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda. Sama á við um meðferð vanskilafjár, álags og sekta. Ákvörðun um refsingar fer alfarið eftir núgildandi lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.*" Ekki verður því annað séð en að um hrein mistök hafi verið að ræða, þ.e. að gleymst hafi að taka tillit til þess að gjalddagi og eindagi voru ekki þeir sömu í fjármagnstekjuskattinum og hinum eldri lögum sem vísað er til.

Ljóst er að ekki gengur að bæta úr þessu réttarástandi með því að færa gjalddaga eða eindaga í lögum nr. 94/1996 framur þar sem mikil vinna felst í uppgjöri fjármagnstekjuskatts innan fjármálafyrirtækja, eftir að vextir hafa verið reiknaðir út í árslok. Gjalddagi þann 15. janúar er því í raun mjög knappur tími.

Farsælasta lausnin væri að breyta 7. gr. þannig að gjalddagi og eindagi yrðu þeir sömu, þ.e. 1. febrúar.


Samhliða yrði gerð eftirfarandi breyting á 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna, þannig að efnismgr. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:

Álag til viðbótar af fjárhæð vanskilafjár reiknuð frá og með 15. degi eftir eindaga. Álag þetta skal vera sama og dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Dráttarvextir samkvæmt þessum tölulíð skulu vera dagvextir.

Hér tekur álag 2 (skv. 2. tölul.) við af álagi 1 (skv. 1. tölul.) og því kemur ekki til tvenns konar álags á sama tíma.

Ef ekki er fallist á að breyta 7. gr., er samt mikilvægt að framangreind breyting verði gerð á 17. gr. laganna til að bæta úr óviðunandi réttarástandi. Í því tilvikmi myndi breyttur texti leiða til þess að ekki sé reiknað álag frá gjalddaga til eindaga, eins og frumvarpstextinn ráðgerir. Það er sama regla og gildir í lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 128/407
komudagur 3.12.2002

2. desember 2002
Dags. yðar: 21. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, með síðari breytingum, 371. mál


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, 371. mál.


Með frumvarpinu er lagt til annars vegar að gerð verði breyting á álagi því sem lagt er á til viðbótar vangoldnum staðgreiðsluskatti samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur til samræmis við breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sú breyting felur í sér að reiknaðir verði dráttarvextir á vangoldinn skatt sem dagvextir, í stað áður dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð, frá og með gjalddaga hafi ekki verið greitt á fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Hins vegar er lagt til að kveðið verði skýrar á um skyldu ríkisaðila til að standa skil á fjármagnstekjuskatti.

Seðlabanki Íslands vekur athygli á orðalagi 4. gr. frumvarpsins. Miðað við framsetningu 1. tl. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1996, svo og upphaf 2. mgr. sömu greinar væri líklega eðlilegra að 4. gr. frumvarpsins hljóðaði á eftirfarandi hátt: 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna orðast svo: Dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir, sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá og með gjalddaga, hafi ekki verið greitt á 1. degi næsta mánaðar eftir eindaga.

Seðlabanki Íslands telur frumvarpið að öðru leyti vera til bóta og mælir með að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Ingimundur Friðriksson
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 128/450
komudagur 3.12.2002
128/4.



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. desember 2002
ÁPS/RMG/KSG/102/02

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um staðgreiðslu skatta á fjármagnstekjur
371 mál.**


Tryggingastofnun ríkisins lýsir sig sammála þeim breytingum sem hér eru lagðar til, þ.e. að ríkinu og stofnunum þess beri að halda eftir staðgreiðsluskatti af vöxtum sem greiddir eru sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Í samræmi við lög sem sett voru í kjölfar svonefnds öryrkjádóms greiddi Tryggingastofnum viðskiptavinum sínum vexti af þeim fjárhæðum sem þá voru greiddar út. Í viðræðum við fulltrúa embættis ríkisskattstjóra var það niðurstaðan að Tryggingastofnun teldist ekki skilaskyldur aðili í skilningi laga um staðgreiðslu á fjármagnstekjur og væri því ekki heimilt að halda eftir staðgreiðsluskatti af þessum vaxtagreiðslum.

Ljóst er að einhverjir viðskiptavinir stofnunarinnar kunna að hafa lent í vandræðum með greiðslu þessa skatts við álagningu opinberra gjalda. Með því að kveða á um skyldu stofnana ríkisins til að halda eftir staðgreiðsluskatti má komast hjá því að slík staða komi upp aftur og því ber að fagna.

Tryggingastofnun ríkisins vill þó taka fram að hún skilaði til skattyfirvalda upplýsingum um þessar vaxtagreiðslur eins og um aðrar greiðslur sem stofnunin innir af hendi.

Virðingarfyllt,


Karl Steinar Guðnason

Alþingi
Erindi nr. P 128/490
komudagur 4.12.2002



**VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hildar Njarðvík, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2002.

Efni: Frv. til br. á l. nr. 94/1996 um stgr. skatts á fjármagnst. (371. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Verslunarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is